

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I D 1 9 4 5.

Einar G. E. Sæmundsen.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1945.

S k ó g a r h ö g g:

í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Til eldiviðar og reykv.	351	hestburðir
Staurar 2590 stk.	53	"
Renglur 2200 -	22	"
Efniviður 1270 fet	17	"
<hr/> alls		453 hestburðir

Grisjað var svæði sunnan Stokklágar, neðan Hafri-brautar, (Beitarhúsagötu). Grisjað var í annað sinn á svæði neðst við Selbraut og upp með Síamannbraut (fyrri grisjun 1939).

Í Sigríðarstaðaskógi var ekkert höggið á árinu.

Í Stórhöfða og Skuggabjargaskóum voru höggnir 15 hestburðir eldiviðar og renglur.

Kolagerð:

Gert var til kola í Þórðarstaðaskógi. Grisjaður var péttur ungskógor utan við Snjóflóðsgil. Þar voru höggnir um 170 hestburðir viðar. Lagt var 11 sinnum í ofninn og fenguð alls 1850 kg. af viðarkolum.

V e g i r o g g i r ð i n g a r:

Viðhald girðinga var með léttara móti, enda var veturninn 1944 -45 mjög snjóléttur. Í ytri girðinguna á Skuggabjörgum var bætt við renglum til styrktar. Þar sem ytri álma þeirrar girðingar kemur í Fnjóská, er aðstaða mjög erfið til að ganga tryggilega frá girðingarendanum, bannig að ain takí hann ekki í hlaupum. T. d. ruddi hún honum þrivegis á þessu vori. Er nauðsynlegt að ráða bót á þessu hið fyrsta með því að girða suður með ánni í klapparnef sem gengur út í Fnjóská, um 400 m. sunnar, en girðingarendinn er nú.

A Þórðarstöðum var merkjagirðing lagfærð og einnig engjagirðing og fóru í það nokkur dagsverk.

A þessu vori var sett upp girðing á Hróarsstöðum í Fnjóskadal, en enfi til hennar var afhent á síðastliðnu ári. Eigandi jarðarinnar setti girðinguna upp á eigin kostnað, hún er 600 m. að lengd en notast er við túngirðingu á löngum parti að auki. Innan girðingarinnar er mikill nýgræðingur og ætti honum nú að vera borgið með þessari friðun.

Gerð var bilfær leiðin frá Þórðarstöðum út fyrir Snjóflóðsgil.

Í Vaglaskógi var vegum haldið við, svo sem kostur var.

Sett var upp 500 m. löggirðing að Barkarstöðum, Miðfirði.

G r æ ð i r e i t u r:

Vorið 1945 var afhent úr græðireitnum á Vöglum:

Birki	15.970	stk.
Reyniviður	1.197	-
Rifs	293	-
Viðir (rættur)	638	-
Sólber	25	-
Viðistikl.	<u>1.100</u>	-

Alls 19.223 stk.

Sáð var birkifrei (Bæjarstaðask.)	150	m2
sitkagreni	10	-
hvítgreni	10	-
reyniberjum (um haustið).	80	-

Birkifærið spiraði vel, sitkagrenið dræmt, en hvítgrenið bó enn minna.

Dreifplantað var:

Birki	100.000	stk.
Sitkagreni	4.800	-
Reynir	536	-
Viðistiklingar	<u>7.500</u>	-

Alls 112.836 stk.

Mikil vanhöld uðóu á því birki sem dreifplantað var. Vorið var kalt og langvarandi þurkar í mai og júhi. En aðalorsök vanhaldanna er þó að öllum líkendum sú, að rjúpan komst í fræðeðin á s. 1. vetri og klippti toppbrumin af fjölda plantna. Þessar bitnu plöntur (tveggja ára) virtust mjög viðkvæmar og vesluðust upp á skömmum tíma í dreifbeðunum.

Birkiplöntur (2/2) þær sem teknar voru upp til sölu urðu fyrir hörmulegri meðferð af rjúpuni síðustu vikurnar í marz, en þá herjaði hún á hverri nóttu í reitinn og reyndar af og til fram í apríllok. Rjúpan klippti á þessum tíma ofan af hverri einstu plöntu fjögurra ára. Sumar stýfði hún allt ofan að rótarháls en aðrar minna. Þannfremur ollu rjúpurnar stórskemmdum á öllum dreifbeðum frá fyrra ári (1944).

Sumarið var mjög hagstætt, og dafnáði allt mjög vel í reitnum. Sérstaklega fór fræbeðunum fra 1944 mjög vel fram. Hæstu plönturnar í þeim á haustnóttum voru 30 - 40 cm.

Húsdýraáburður var keyptur í reitinn um 18. tonn af kúamykju, var hann borinn í þeim sem dreifplantað var í og sumapart í þau stykki sem tekin verða fyrir að vori. Tilbúinn áburður var einnig keyptur, sumt af honum var látið í skiptum fyrir taðið og einnig var hann borinn á sem aukaskammtur.

Í haust voru teknar upp allar söluplöntur fyrir næsta vor og slegið niður til geymslu. Þá voru settar upp varnir gegn rjúpuni, var keypt gisriðið hænsnanet og því komið fyrir á virstrengjum, sem festir voru milli staura, er reknir voru niður með þriggja metra milli-

bili. Fékkst með þessu samfellt og lokað " þak " um 70 - 80 cm, frá jörðu, og þannig gengið frá jöðrum að engin hætta er á að rjúpan smjúgi. Eina hættan á að þetta bili, er sú, að snjór sligi netið, og slíti það, en ekki bar á því í fyrstu snjóum, að hann kæmist ekki hindrunarlaust í gegn.

Unnið var að stækkun reitsins og lagfærinu. Gamla reitnum var öllum bylt til og hann færður allur saman í tvö stykki, jafn stór að flatarmáli, um 1200 m² hvort um sig. Þau liggja með litlum halla á móti suðri (1:40) en með hallanum 1: 16 til vesturs. Milli þeirra er stallur 1 m. á hæð. Í þessi nýju stykki var dreifplantað á þessu vori (1945). Neðan við gamla reitinn var tekin fyrir allstór spilda og sléttuð. Var gengið að fullu frá og áburðarbórið ca. 1600 m². Neðan við þetta svæði eru svo um 1000 m² sem fljótlega geta kæmist í rækt. Reiturinn er nú allur um 7000 m².

Byggingsar:

Á árinu var sett miðstöð i húesið á Vöglum, en á þórðarstöðum var lokið við að ganga frá uppsetningu á amerik. bragga sem keyptur var þangað og notaður sem hlaða.

Bifreiðin A 157.

Bifreiðin A 157 var á Vöglum allt árið fram til 1. des. að hún var sold. Á árinu var keyptur jeppabíll af Sölunefnd setuliðseigna.

Ferðalög:

Í Fnjóskadal valdi ég land á fjárum þeim, Veisluseli, Hallgilsstöðum, Sigriðarstöðum og Nesi, undir skógræktargirðingar, en Skógræktarfélag Fnjóskdæla hafði látið girðingarefnini til bessara þeim. Einnig sá ég um uppsetningu þessara girðinga fyrir félagið,

Í byrjun júní fór ég til Reykjavíkur og náiði í bifreiðina A. 286. Á leiðinni norður kom ég við í Varmahlið og leiðbeindi við sáningu þar.

Til Reykjavíkur fór ég 24. júlí til fundar við skógræktarstjóra, sem þá var að leggja af stað vestur til Alaska. Gegndi ég starfi hans á meðan hann var erlendis. Ég kom aftur heim í vagli 31. júlí.

19. ágúst fór ég austur í Lauga og sat þar aðalfund Skógræktarfélags Suður-Pingeyinga.

25. ágúst fór ég í ferð um austanverðan Bárðardal, allt fram undir Viðiker. Athugaði skóga, skógarleifar og uppblástur á hverjum þeim.

Til Reykjavíkur fór ég 3. september. Fór ég þaðan austur í Tumastaði og Múlakot í Fljótshlíð. 12. september fór ég norður í Miðfjörð, Hún., mældi fyrir girðingu á Barkarstöðum. Kom heim í Vagli 13. sept.

20. september fór ég aftur til Reykjavíkur og dvaldi þar til 16. október. Tók á móti reykingarvið frá Hallormsstað og efnivið, sem ég mældi ég selldi þá að nokkuru leyti. Ennfremur leit ég eftir vinnu í Fossvogi o. fl.

16. október fór ég norður í Vagli. Kom við í Varmahlið og leið-
beindi Sigurði Jónassyni við undirbúning á beðum fyrir veturinn.
25. október fór ég austur á Húsavík vegna samninga, kom við
á Fjallsbæjum í Aðaldal.

27. október valdi ég land undir skógræktargirðingu að Landa-
móti i Köldukinn, en þar ætlað skógræktardeild Kinnunga að setja
upp girðingu að vori.

2. nóvember fór ég áleiðis til Reykjavíkur.

Auk þessara ferða sem nú hafa verið taldar fór ég margar eft-
irlitsferðir um skóga Skógræktarinna hér í dalnum. Ennfremur marg-
ar ferðir til Akureyrar vegna viðskipta þar.

Eftirlitsstörf i Vaglaskógi aukast nú drjúgum með vaxandi að-
sókn symargesta.

Ý m i s l e g t:

Skógurinn varð allaufga 1. júni en fór að bregða lit úr mánu-
aðamótum ágúst - sept. Lauffalli var að mestu lokið 25. sept. Vöxt-
ur skógarins var með ágætum. Maðkur enginn.

Fra var lítið á skóginum í haust, en það sem náðist virtist
mjög sәmilega þroskað. Í sambandi við þessa tregu fræsprettu má-
geta þess, að rjúpan héldu mjög til í Vaglaskógi síðastliðinn vet-
ur, og þær sem skotnar voru, voru með sarpinn fullan af toppbrumi
og karlrekum, þannig að hætta er á því, að mjög hafði verið geng-
ið á hið sterka kyn, áður en kvenreklarnir komú í ljós síðastliðið
vor. Kvenreklunum reiddi heldur ekki vel af, eftir suðvestan storm,
er gerði hér í mailok, voru allir stígar og vegir baktir þessum fin-
byggðu frævum. Þetta hvortveggja álit ég að geti hafa haft áhrif á
fræsprettuna hér um slóðir. Í sambandi við maírokið mætti geta þess
að ökkur fannst í haust sem helzt væri að finna fræ þar, sem eitt-
hvert var eða skjól var fyrir suðvestan áttinni.

Skemmtun var haldin í Stórarjóðri 1. júlí af Sósialistafélagi
Akureyrar og greiddi félagið 1000 krónur í staðarleigu.

Hlutafélagið Brúarlundur, Hálsdrepp, fékk leigða lóð og leyfi
til þess að byggja veitingaskála og gistiþús í hestagirðingunni.
Bygging þessi var langt komin sl. haust. Lóðin er leigð til 25 ára.

Staddur í Reykjavík 12/2'46

Einar G. E. Sæmundsen.